

Fréttatilkynning

Verðlaun fyrir lokaverkefni um ferðamál fyrir skólaárið 2013

Rannsóknamiðstöð ferðamála¹ (RMF) með fulltingi og stuðningi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) hefur nú í níunda sinn veitt 100.000 króna verðlaun fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi. Verðlaunin voru afhent á ársfundi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) 2014, fimmtudaginn 10. apríl á Grand hótél Reykjavík. Forstöðumaður RMF afhenti verðlaunin og lýsti jafnframt þeim örðum verkefnum sem til greina komu.

Verkefni sem til greina komu voru tilnefnd af kennurum þeirra þriggja opinberu skóla sem sinna kennslu og rannsóknum í ferðamálum, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Hólaskóla. Þau gátu verið lokaverkefni úr grunnnámi eða framhaldsstigi. Taflan hér að neðan sýnir þau verkefni sem til greina komu fyrir dómnefnd sem stjórn RMF skipar.

Lokaverkefni tilnefnd til verðlauna RMF fyrir skólaárið 2013

Höfundur	Heiti	Skóli	Leiðbeinandi	Til gráðu
Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir	Minjagripaverslun á Íslandi. Er kynbundinn munur á kauphegðun ferðafólks?	Háskólinn á Hólum	Guðrún Helgadóttir	BA
Íris Hrund Halldórsdóttir	Tengslanet og frumkvöðlar í ferðapjónustu í tveimur sjávarplássum á Vestfjörðum	Háskóli Íslands	Katrín Anna Lund og Karl Benediktsson	MS
Katrín Magnúsdóttir	Gestrisni eða gestanauð? Stefnumótun og þolmörk heimamanna	Háskólinn á Hólum	Bergþóra Aradóttir	BA
Paavo Olavi Sonninen	Tour Guide Competencies and Training Needs. Focus on the tour guides of Arctic Adventures	Háskóli Íslands	Árný Elíasdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson	MS
Júlíus Fossdal	Millilandaflug til Akureyrar og áhrif á rekstur hótela og gistiheimila	Háskólinn á Akureyri	Edward H. Huijbens	BS

Niðurstaða dómnefndar var að verðlaunin í ár hljóti ritgerð Paavo Olavi Sonninen sem fjallar um hæfni leiðsögumanna og þjálfunarþörf þegar kemur að ævintýraferðum. Um er að ræða meistara-ritgerð frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands en Árný Elíasdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson voru leiðbeinendur.

Í umsögn dómnefndar segir:

Í verkefni sínu fjallar Paavo um vænta og greinda hæfni starfsfólks sem þjónustar og leiðsegir ferðafólki í ævintýraferðum á vegum fyrirtækja sem starfa saman undir hatti Arctic Adventures. Tilgangurinn var að meta hvort þörf væri á bættri þjálfun meðal leiðsögumanna fyrirtækisins, og hvort breytt löggjöf muni í framtíðinni skapa þjálfunarþarfir hjá fyrirtækinu.

¹ Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum að Hólum, Samtökum ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu. Markmið miðstöðvarinnar eru að efla rannsóknir á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál gegnum innlent og erlent samstarf.

Niðurstöðurnar sýndu mikla hæfni meðal leiðsögumanna, en þó er ljós þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni á nokkrum sviðum, s.s. skyndihjálpi, getu til að starfa sjálfstætt og tungumálhæfni. Einnig skorti á þekkingu starfsfólks á íslenskri ferðaþjónustu, lipurleik og næmi í þjónustuviðmóti og samskiptum við kúnna og þekkingu á umhverfismálum. Þessu tengt var starfsfólki ekki í lófa lagið að eiga við tækjabúnað af öryggi, né horfa á ferðina frá sjónarhóli gesta. Þó hér sé dregin upp nokkuð dökk mynd af íslenskum ferðaþjónum verður að hafa í huga að oft var um lítinn mun á væntri og raunverulegri hæfni að ræða. Engu að síður bendir þetta til, líkt og Paavo dregur fram, að þörfin fyrir sérmenntun innan íslenskrar ferðaþjónustu vex. Bæta þarf samvinnu innan greinarinnar og betri samskipti þarf milli stjórnvalda og ferðaþjónustufyrirtækja. Núverandi viðmið í þeirri löggjöf sem gildir um ferðamál þykja ekki hæfa og skortir dýpt að mati Paavo.

Dómnefndin telur að þetta verkefni sé mikilvægt innlegg í umræðu um fagmennsku og öryggismál í íslenskri ferðaþjónustu. Báðir þættir þurfa að standa traustum fótum í menntun, sem horfa þarf til að samræma að gæðum og innihaldi. Slík samræming kemur til frá löggjafanum. Ef gerðar eru skilgreindar kröfur til þeirra sem þjónusta ferðafólk hér á landi í reglum um starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja, er auðveldara að skilgreina hæfniviðmið menntunar í faginu. Þannig þarf samræmt átak ferðaþjónustu í samvinnu við stjórnvöld til að efla og bæta menntaumhverfi ferðaþjónustu og gera fagmennsku hátt undir höfði. Ritgerð Paavo ætti að geta nýst vel í þá vinnu enda í henni skilgreint ferli uppbyggingar hæfni innan fyrirtækja og hvernig hægt er að leggja mat á árangur þess.

Verkefni Paavo er ítarlegt, vel upp byggt og vandað. Fræðileg rýni er unnin samviskusamlega og af metnaði og fagmennsku og greining rannsóknargagna er vönduð. Vinna hans ætti að verða öðrum til eftirbreytni og hún er verðugur handhafi lokaverkefnisverðlauna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2013.

Ritgerðina er hægt að skoða á Landsbóksafni eða gegnum Skemmana (skemman.is), hér: <http://hdl.handle.net/1946/16486>